

**Nd.**

**384. Frumvarp til laga**

**[148. mál]**

um úthlutun listamannalauna.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

**1. gr.**

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð (sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

Listamannalaunum skal úthluta sem hér segir:

Tíu listamenn skulu hafa föst heiðurslaun, 35000.00 kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20000.00 kr., 12000.00 kr. og 6000.00 kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20000.00 kr. launa.

**2. gr.**

Til listráðs sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósi hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningarétt í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kýs síðan 10 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. eru þeir 10 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri, svo að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tuginn, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tugarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tuginn fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjöldu, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

**3. gr.**

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið hæstu listamannalaun.

**4. gr.**

Árlegum listamannalaunum skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráðs Bandalags íslenzkra listamanna. Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna eða félagsskapar. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Listamannalaun skulu breytast í hlutfalli við þær breytingar, sem verða á kaupgjaldsvisitölu frá því er lög þessi eru samþykkt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna verði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur. Formaður nefndarinnar var skipaður Helgi Sæmundsson, ritstjóri. En auk hans áttu sæti í nefndinni sjö listamenn, þeir Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur, Gunnlaugur Ó. Scheving, listmálari, Jón Leifs, tónskáld, Páll Ísólffson, tónskáld, Snorri Hjartarson, skáld, Þorsteinn Hannesson, óperusöngvari og Ævar R. Kvaran, leikari, svo og próffessorinn í nútímabókmenntum við Háskóla Íslands, dr. Steingrímur J. Þorsteinsson.

Nefndin skilaði tillögum um skipan listamannalauna til ráðuneytisins 25. janúar 1957. Voru þær í frumvarpsformi og fylgdi greinargerð og skýringar á einstökum greinum frumvarpsins. Var nefndin sammála um tillögur sínar. Eftir að menntamálaráðuneytið hafði athugað frv. nefndarinnar rækilega og rætt það við ýmsa aðila, gerði það á því nokkrar breytingar og sendi Bandalagi íslenzkra listamanna frv. það, sem hér liggur fyrir, til umsagnar 17. september 1958. Stjórn Bandalagsins svaraði 22. október 1958 og lýsti sig í öllum höfuðatriðum samþykka frumvarpinu.

Heildartillögur nefndarinnar fylgja hér með sem fylgiskjal í því formi, sem þær bástust ráðuneytinu. Enn fremur fylgir með sem fylgiskjal áðurgreind umsögn Bandalags ísl. listamanna.

Skal nú rakið, að hvaða leyti frv. það, sem hér liggur fyrir, er frábrugðið upphaflegum tillögum nefndarinnar:

1) Ýmsum hefur þótt nefndin gera ráð fyrir of mikilli fækkun þeirra, sem njóta listamannalauna, en nefndin gerði ráð fyrir að flokkar listamannalauna skyldu vera þrjú, og launin ákveðin upphæð í hverjum flokki. Þessi tillaga hefði þýtt það, að launþegum hefði fækkað úr rúmlega 100 í um það bil 60. Í frumvarpi því, sem hér er fram lagt, er þessari flokkun þannig háttáð, að 10 listamenn skulu hljóta fóst heiðurslaun, 35 þús. kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20 þús., 12 þús. og 6 þús. kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20 þús. kr. launa.

Er þannig leitast við að taka tillit til þess sjónarmiðs, að aukin festa verði í úthlutuninni frá því, sem verið hefur, og að ákveðin tala listamanna sé á tilteknum launum, en hins vegar er tala launþega ekki bundin við neitt hámark, svo að algerlega er á valdi úthlutunarnefndar, svo sem verið hefur, hvort eða um hversu mikla fækkun launþega yrði að ræða.

2) Nefndin hafði ætlað 12 mönnum sæti í listráði, en ráðuneytið hefur fækkað listráðsmönnum í 10. Val manna í slíkt ráð þarf að sjálfsögðu vel að vanda, og virðist því varlegast að hafa ráðið ekki mjög fjölskipað, a. m. k. meðan starfsemi þess er að mótast. Með fækkun ráðsmanna er lögð áhersla á þennan skilning.

3) Í frumvarpi nefndarinnar er menntamálaráðherra ætlað sæti í kjörstjórn kjör ráðs og listráðs. Ekki er venja, að ráðherrum sé gert lögskýlt samkvæmt stöðu þeirra að eiga sæti í nefndum af þessu tagi, og er því í frv. því, sem hér liggur fyrir, ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis ætlað sæti í kjör ráði, ásamt ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis.

4) Nefndin gerði ráð fyrir, að listamannalaun skyldu vera skattfrjáls. Sú grein hefur verið felld niður, þar eð ekki þykir eðlilegt að breyta ákvæðum skatta-

laga í frumvarpi um úthlutun listamannalauna. Hins vegar hefur verið tekið í frumvarpið ákvæði um, að listamannalaun skuli breytast í hlutfalli við breytingar á kaupgjaldsvisitölu.

### Fylgiskjal I.

#### Tillögur um frumvarp til laga um úthlutun listamannalauna.

##### 1. gr.

Flokkar listamannalauna skulu vera þrír:

1. flokkur 20 þúsund krónur í grunnlaun.

2. flokkur 15 þúsund krónur í grunnlaun.

3. flokkur 10 þúsund krónur í grunnlaun.

Listamannalaunum til 2. og 3. flokks skal úthlutað árlega og skiptast þannig, að um 60% þess fjár, sem úthlutunarnefnd ráðstafar, renni til 2. flokks, en um 40% til 3. flokks.

Listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skulu þaðan í frá njóta fastra ævilauna. En laun í 3. flokki geta aldrei orðið föst.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð (sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

##### 2. gr.

1. flokkur sé skipaður 12 mönnum ævilangt, og mynda þeir listaráð. Til þess sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð Háskóla Íslands, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósa hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningaúrslit í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt menntamálaráðherra og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða, hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kys síðan 12 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. Eru þeir 12 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri svo, að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tylftina, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tylftarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tylftina fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjölda, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

##### 3. gr.

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun 2. flokks.

4. gr.

Listamannalaunum 2. og 3. flokks skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráði Bandalags íslenskra listamanna. Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Öll listamannalaun skulu vera skattfrjáls.

*Greinargerð og athugasemdir.*

1.

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd „til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna yrði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur um skeið“: Guðmund Gíslason Hagalín, rithöfund, Gunnlaug Scheving, listmálara, Helga Sæmundsson, ritstjóra, Jón Leifs, tónskáld og formann Bandalags íslenskra listamanna, Pál Ísólfsson, tónskáld, Snorri Hjartarson, skáld, Steingrím J. Þorsteinsson, prófessor, Þorstein Hannesson, óperusöngvara, og Ævar Kvaran, leikara. Var Helgi Sæmundsson skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom fyrst saman á fund hinn 21. október, en alls hélt hún tólf fundi. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Guðmundur Gíslason Hagalín kosinn ritari hennar og Snorri Hjartarson vararitari. Fimm undirnefndir voru kosnar og þeim falin verkefni, sem þær unnu að á milli funda aðalnefndarinnar. Loks afgreiddi nefndin í einu hljóði tillögur þær um skipan listamannalauna, sem hér fara á undan.

2.

Þá er Alþingi tók að veita laun eða viðurkenningu fyrir listræn afrek, var fáum listamönnum til að dreifa hér á landi öðrum en skáldum og rithöfundum, og í vitund þjóðarinnar höfðu þeir algera sérstöðu. En á fyrsta og öðrum áratug aldarinnar tóku mjög athyglisverðir fulltrúar annarra listgreina að koma fram með þjóðinni, og hlutu þeir þá náms- og starfsstyrki af opinberu fé. Síðan hefur veigamiklum listamönnum á vettvangi myndlistar, tónlistar og leiklistar fjölgað mjög ört og þeir hlotið í vitund þjóðarinnar ekki óvirðulegri sess en skáld og rithöfundar.

Öll ákvörðun listamannalauna var fyrstu áratugini í höndum Alþingis. Svo var sá háttur upp tekinn, að Alþingi ákvarðaði á fjárlögum laun til fárra listamanna, en upphæð, sem þingið ákvað, var árlega úthlutað til þorra þeirra, sem þóttu verðugir launa. Úthlutun var stundum á valdi menntamálaráðherra, en oftast í höndum stjórnskipaðra eða þingkjörinna nefnda. Upp úr 1930 fjölgaði mjög þeim listamönnum, sem nutu launa á fjárlögum, og þótti ýmsum í hópi þingmanna of langt gengið á þeirri braut að festa þar slík laun, og var þá brugðið á það ráð að nema burt af fjárlögum laun til listamanna og hækka að sama skapi þá upphæð, sem árlega var úthlutað. Menntamálaráð skipti síðan upphæðinni milli listgreina, en úthlutun til einstakra listmanna var falin samtökum þeirra. Þessi skipan hélzt til ársins 1946. Þá var úthlutun falin nefnd, sem Alþingi kaus, og hefur hún síðan verið í höndum slíkrar nefndar, sem ýmist hefur verið skipuð þremur að fjórum mönnum.

Þá er Alþingi tók að veita listamannalaun, komu upp með þjóðinni margar óánægjuraddir. Þorra manna skorti í þann tíð skilning á gagnsemi og þá um leið réttmæti slíkra launa. En smátt og smátt hefur andúð almennings á listamannalaunum rénað, og má nú heita, að raddir hinna óánægðu meðal gjaldþegnanna séu jafnfáar og raddir listunnenda voru áður fyrrum.

Snemma kom í ljós, að njótendur launanna voru ekki allir ánægðir með þann skerf, sem þeir hlutu, og einnig gætti þess fljótlega, að listunnendum þætti þeim, er ákvarða skyldu launin, ærið mislagðar hendur. Og óánægja þessara aðila hefur ekki rénað. Ákvarðanir Alþingis um skipan þessara mála og gerðir úthlutunar- aðila hafa sætt mikilli gagnrýni. Hennar hefur gætt í samtölum manna á milli, á fundum listmanna og í fjölmörgum blaðagreinum. Menn hafa verið óánægðir með fjár- framlög Alþingis og skiptingu fjáris milli listgreina, hafa talið matið á verðleikum ótvíræðra listamanna skeikult og látið í veðri vaka, að ýmsum hafi verið úthlutað listamannalaunum, sem væru þeirra ekki verðugir. Á Alþingi hafa og verið mjög skiptar skoðanir um þessi mál, og síðan 1948 hafa komið fram þrjú frumvörp til breytinga á skipan þeirra.

Hið fyrsta þessara frumvarpa flutti núverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, árið 1948, og síðan flutti hann það ná ný 1949, 1950 og 1951. Var fyrirsögn þess Frumvarp til laga um laun skálda og rithöfunda og annarra listamanna og listarráð. Árið 1949 flutti Magnús Kjartansson Frumvarp til laga um úthlutun lista- mannalauna — og aftur árið 1950. Árið 1951 tóku þeir upp þetta frumvarp Jónas Árnason og Ásmundur Sigurðsson. Loks flutti Gunnar Thoroddsen Frumvarp til laga um listamannalaun á þinginu 1955—'56. Ekkert þessara frumvarpa var afgreitt.

### 3.

Hver einstakur nefndarmaður kynnti sér vandlega öll þessi frumvörp, og síðan ræddi nefndin þau á fundum sínum og gerði sér grein fyrir þeim höfuðsjónar- miðum, sem þar koma fram. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar og frumvarpi þeirra Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar er gert ráð fyrir fækkun launaflokka frá því, sem verið hafði hjá úthlutarnefnd. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar eru þeir 4 og aðeins 3 í hinu frumvarpinu. Í frumvarpi Gunnars Thoroddsens eru ákvæði um 4 fasta launaflokka, sem í séu samtals 36 menn, en auk þeirra launa, sem þeir hljóti, er kveðið á um árlega úthlutunarupphæð. Í frumvarpi Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar eru engin ákvæði um upphæð listamannalauna, en hins vegar um hlutföll milli launaflokka, og eru þau 5:3:1, en í frumvörpum þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Gunnars Thoroddsens eru tilnefndar ákveðnar upphæðir í hverjum launaflokki, kr. 18 þús., 9. þús., 6. þús. og 3 þús. í frv. G. Þ. G. og kr. 20 þús., 15 þús., 12. þús. og 8 þús., að viðbætti vísitöluuppbót, í frumvarpi G. Th. Í frumvarpi G. Þ. G. er það ákvæði, að launin í 1. flokki, sem skulu vera veitt allt að 12 mönnum, skuli vera heiðurslaun. Skulu þeir, sem hafa hlotið þau í 5 ár, njóta þeirra ævilangt og skipa listarráð, sem sé menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir. Í frv. þeirra M. K., J. Á. og Á. S. er kveðið svo á, að listamaður, sem hafi komið fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, verði ekki lækkaður í flokki úr því. Samkvæmt frv. G. Th. skal tekið tillit til tekna og efnahags listamanna, þegar þeim eru ákvörðuð laun, en slík ákvæði eru ekki í hinum frumvörpunum.

Samkvæmt frv. G. Þ. G. skal sameinað Alþingi ákveða, hverjir listamenn hljóti heiðurslaun, en árlega úthlutun listamannalauna annast menntamálaráð, sem þó skal leita umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands um tillögur sínar, áður en þær eru endanlega samþykktar. Í frumvarpi M. K., J. Á. og Á. S. er úthlutun falin nefnd, sem skipuð sé menntamálaráði, formanni Bandalags íslenskra lista- manna og einum manni, kosnum af háskólaráði. Samkv. frv. G. Th. skulu þeir sex menn, sem njóta hæstara launa, kosnir af sameinuðu Alþingi, en hina skal mennta- málaráðherra ákveða eftir tilnefningu menntamálaráðs og heimspekideildar Há- skóla Íslands eða fimm manna, sem hún kys. Listamannafé, sem veitt er í fjárlögum til úthlutunar árlega, skal, samkv. frv. G. Th., úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og 5 manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenskra listamanna.

Auk þessara frumvarpa athugaði nefndin Frumvarp til laga um Akademíu Ís-

lands, sem Björn Ólafsson, þáverandi menntamálaráðherra, flutti 1950 og 1951 og hlaut ekki afgreiðslu. Það er eingöngu miðað við varðveizlu og ræktun íslenzkrar tungu og varð ekki haft til hliðsjónar við starf nefndarinnar, svo sem henni var markaður vettvangur.

Einstakir nefndarmenn og nefndin sem heild tók til náinnar athugunar úthlutun listamannalauna síðustu 6 árin, glöggvaði sig á skiptingu fjárens milli listgreina, launaflokkum, upphæðum og launþegum.

Árið 1951 var úthlutað kr. 501 000.00 til 89 einstaklinga í 6 flokkum:

39 skáld og rithöfundar ..	hlutu	255 000.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 538.00
29 myndlistarmenn .....	—	166 200.00	—	33.1%	—	5 731.00
11 tónlistarmenn .....	—	46 800.00	—	9.4%	—	4 255.00
10 leikarar .....	—	33 000.00	—	6.6%	—	3 300.00

Árið 1952 var úthlutað kr. 609 200.00 til 101 einstakl. í 6 flokkum:

49 skáld og rithöfundar ..	hlutu	324 200.00	eða	53.2%	Meðaltal kr.	6 616.00
31 myndlistarmaður .....	hlaut	207 600.00	—	34.1%	—	6 697.00
12 tónlistarmenn .....	hlutu	49 200.00	—	8.1%	—	4 100.00
9 leikarar .....	—	28 200.00	—	4.6%	—	3 133.00

Árið 1953 var úthlutað kr. 608 400.00 til 103 einstakl. í 5 flokkum:

41 skáld og rithöfundar ..	hlutu	286 800.00	eða	47.1%	Meðaltal kr.	6 995.00
36 myndlistarmenn .....	—	230 400.00	—	37.9%	—	6 400.00
18 tónlistarmenn .....	—	66 000.00	—	10.8%	—	3 666.00
8 leikarar .....	—	25 200.00	—	4.2%	—	3 150.00

Árið 1954 var úthlutað kr. 618 000.00 til 102 einstakl. í 5 flokkum:

47 skáld og rithöfundar ..	hlutu	314 400.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 689.00
32 myndlistarmenn .....	—	214 800.00	—	34.8%	—	6 713.00
16 tónlistarmenn .....	—	66 600.00	—	10.8%	—	4 162.00
7 leikarar .....	—	22 200.00	—	3.5%	—	3 171.00

Árið 1955 var úthlutað kr. 776 100.00 til 113 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og rithöfundar ..	hlutu	409 200.00	eða	52.7%	Meðaltal kr.	7 307.00
35 myndlistarmenn .....	—	268 100.00	—	34.6%	—	7 660.00
16 tónlistarmenn .....	—	77 200.00	—	9.9%	—	4 825.00
6 leikarar .....	—	21 600.00	—	2.8%	—	3 600.00

Árið 1956 var úthlutað kr. 927 320.00 til 115 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og ritöfundar ..	hlutu	466 220.00	eða	50.3%	Meðaltal kr.	8 325.00
35 myndlistarmenn .....	—	329 700.00	—	35.6%	—	9 420.00
16 tónlistarmenn .....	—	93 000.00	—	10%	—	5 812.00
8 leikarar .....	—	38 400.00	—	4.1%	—	4 800.00

Öll árin var úthlutað samtals kr. 4 040 020.00 eða að meðaltali á ári kr. 673 334.00.

Þar af hlutu:

Skáld .....	2 055 820.00	eða	50.9%	Meðalt. launþ. á ári	48.	Meðalupph.	7 078.00
Myndlistarmenn	1 416 800.00	—	35%	—	—	—	7 103.00
Tónlistarmenn	398 800.00	—	9.9%	—	—	—	4 471.00
Leikarar .....	168 600.00	—	4.2%	—	—	—	3 526.00

Tala einstaklinga, sem fengið hafa styrk þessi 6 ár, er 188.

Þar af skáld og rithöfundar 86.

Myndlistarmenn .....

Tónlistarmenn .....

Leikarar .....

#### 4.

Nefndin varð fljótlega einhuga um ýmis þau atriði, er fram koma í þessu frumvarpi. Allir nefndarmenn voru þegar á einu máli um, að við veitingu listamanna-launa bæri ekki að taka tillit til annars en skynsamlegs mats á listrænum störfum listamannsins og gildi þeirra fyrir listþróun og menningarlíf með þjóðinni. Ef ráðizt væri í mat á efnun og ástæðum listamannsins, mundi það leiða til ósamræmis og óréttlætis og vekja óánægju og úlfúð. Hvernig sem háttað væri högum listmannsins, væri æskilegt og vænlegt til árangurs, að hann myndi sem gleggst, að þjóðfélagið vildi styðja hann og örva til starfa, launa honum og votta honum þakklæti fyrir unnin afrek. Þá var og nefndin þegar í upphafi starfa sinna öll á þeirri skoðun, að óviðurkvæmilegt væri, að ríkið skattlegði þau laun, sem það veitti listamönnum. Eins og það væri fjarstæðukennt að klípa af þeim starfsstyrk, sem veittur væri ungum listamanni, væri það ósæmandi að skerða þá upphæð, sem veitt væri til að votta þroskuðum listamanni virðingu og þakkir og örva hann til nýrra afreka, sem hann fær oft seint launað eða aldrei.

Þegar nefndin hafði kynnt sér ýtarlega úthlutun listamannalauna á undanfórnum árum, komst hún brátt að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að fækka bæri bæði launþegum og launaflokkum. Henni þótti auðsýnt, að ýmsir þeir listiðkendur hefðu hlotið laun, sem hvorki hefðu unnið listræn afrek né sýnt þá kunnáttu eða þær listrænar gáfur, sem vektu vonir um slík afrek. Hún leit og þannig á, að launin í hinum lægstu launaflokkum hefðu verið of lág til þess að þau gætu breytt aðstöðu launþegans til listrænna starfa, og enn fremur mætti að nokkru rekja þá óánægju, sem ríkti út af úthlutun listamannalauna meðal listunnenda og listamanna, til hinna mörgu launaflokka.

Þó að nefndarmenn væru sammála um þessi atriði, komu fram í fyrstu ýmsar skoðanir um fjölda launaflokka, tölu launþega og hæð launa. Hafði Jón Leifs þar mesta sérstöðu. Hann vildi, að allir listamenn, sem til greina kæmu, fengju sömu launaupphæð, en 12 menn fengju hana ævilangt, aðrir til tveggja ára í senn, en á hverju ári yrði upphæðin veitt 5 listamönnum, sem hefðu ekki fengið laun á seinustu árum.

Eftir að undirnefnd hafði haft launaflokkana til athugunar, sameinaðist nefndin um þær tillögur, sem felast í 1. gr. frumvarps þessa, og er nánari grein gerð fyrir rökum hennar og afstöðu í skýringum við greinar frumvarpsins.

Þó að nefndin hafi ekki sett í frumvarpið ákvæði um fjölda launþega í 2. og 3. flokki, en aðeins gert tillögur um, að hlutfallið milli heildarupphæða launa í þessum flokkum verði um 60:40, miðaði hún tillögur sínar, eftir nána athugun á úthlutun listamannalauna, við það, að í hvorum þessara flokka yrðu 24 listamenn eða í báðum flokkunum samtals 48. Virðist henni úthlutun lítt framkvæmanleg, ef lægri tala listamanna kæmi til greina. Yrðu þá útgjöld ríkissjóðs til listamannalauna samkvæmt lögnum eins og hér segir, með þeirri vísitölu á laun, sem nú er (80):

Kr. 36 000	×	12	=	kr. 432 000
— 27 000	×	24	=	— 648 000
— 18 000	×	24	=	— 432 000

Samstals kr. 1 512 000

Það er því tillaga nefndarinnar, að þessi upphæð verði ákveðin á fjárlögum ársins 1957 til listamannalauna. Hún er hlutfallslega mun lægri en sú upphæð, sem var á fjárlögum til slíkra launa árið 1943, og miðað við hækkun á menntamála-greinum fjárlaga frá 1948—1957 (14. og 15. gr.), ætti hún að vera nokkru hærri en hér er lagt til. Var nefndin sammála um, að listamenn gætu ekki sett sig við, að heildarupphæð til listamannalauna færi minnkandi, samtímis því sem fjöldi hlutgengra listamanna hefur aukizt og nýjar listgreinar komið fram hér á landi og náð þroska.

Um val listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna var fjallað ýtarlega á fundum nefndarinnar, og kom nefndarmönnum sama um það höfuðsjónarmið, að reisa yrði sem sterkastar skorður við því, að þetta yrði háð áhrifum kunningskapar, skoðunum manna á stjórnámálum og meira og minna tímabundnum tískuviðhorfum við listum. Jón Leifs lagði áherzlu á, að stefna bæri að því í framtíðinni, að úthlutun listamannalauna yrði falin sérfræðingum í hinum ýmsu listgreinum. Undirnefnd var kosin til að gera tillögur um kjör listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna. Voru tillögur hennar, sem náðu samþykki með litlum breytingum, miðaðar við það heildarsjónarmið, sem hér hefur verið getið, og eru þau grundvöllur ákvæðanna um þessi efni í frumvarpinu. Er nánar vikið að þeim ákvæðum í skýringum nefndarinnar á greinum frumvarpsins.

Fram kom í nefndinni, að æskilegt væri, að bæði skapandi og túlkandi listamenn ættu kost á allháum upphæðum til að kynna sér listir erlendis eða kynna þar list sína. Nefndin taldi, að taka bæri fullt tillit til þessa, en samþykkti ekki að bera fram ákvæðnar óskir í þá átt. Hins vegar samþykkti hún í einu hljóði að óska þess við menntamálaráðherra og Alþingi, að jafnframt úthlutun listamannalauna verði stofnað til verðlauna fyrir sérstök listafrek eða viðurkenningar til handa listamönnum, er unnið hafa merkilegt starf, sem megi verði æskilegt for-dæmi. Skuli einnig miðað við það, að verðlaun þessi eða viðurkenning sé ungum listamönnum eggjun til dáða, og hún sé svo riflega í té látin, að um muni.

Út af tillögum nefndarinnar í heild skal það að lokum fram tekið, að gott samkomulag hefur ríkt um störf og niðurstöður. Nefndin gerði sér far um að samræma ýmis sjónarmið og hafa það, sem kallast gæti meðalvegur, en þó orðið framtíðargrundvöllur þessara mála. Vonar nefndin, að tillögur hennar komist í meginatriðum í framkvæmd í trausti þess, að þar með reynist skipan listamannalauna öruggari og sanngjarnari en verið hefur og íslenzkri list til eflingar og nýrra sigra og þjóðinni til vegsauka.

#### *Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Nefndin valdi orðið listamannalaun sem heildarheiti þeirra launa, sem gert er ráð fyrir að þjóðin veiti samkvæmt frumvarpi þessu, enda var þetta heiti notað í skipunarbréfi nefndarinnar. Þá valdi nefndin orðið listráð, en ekki listarráð, sem áður hefur verið notað í þeirri merkingu, sem þarna á við.

Um tölu launaflokka, upphæð launa og ákveðin hlutföll milli heildarlauna í 2. og 3. flokki réð það sjónarmið, að óbrotið form, en sem fastast, hentaði best og vel verði gert við þá listamenn, sem laun hljóta hveru sinni. Þessi skipan hefur í för með sér allmikla fækkun þeirra, sem hljóta árlega listamannalaun, en með þessu móti er unnt að tryggja, að meira muni en áður um listamannalaunin, einnig fyrir þá, sem þau hreppa annað eða þriðja hvert ár.

Það virðist óumdeilanlegt, að þeir listamenn, sem njóta í hæsta flokki fastra ævilauna, eigi að hljóta, að fenginni slíkri viðurkenningu, aðstöðu til að búa við sæmilegt fjárhagslegt öryggi, og liggur sú skoðun til grundvallar tillögu nefndarinnar um upphæðina í 1. flokki. Var hún og ákvörðuð með hliðsjón af þeim heiðurslaunum, sem Alþingi sjálft hefur samþykkt á fjárlögum til tveggja rit-höfunda.

Vegna þess, að allir viðurkenndir listamenn þjóðarinnar geta ekki hlotið sæti í listráði, svo sem skipan þess er æfluð, er það ákvæði til orðið, að þeir listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skuli þaðan af njóta fastra ævilauna.

Fyrir fram er auðvitað allt á huldu um skipan listráðs, ef stofnað verður. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, að allir listamenn komi til álita við val manna



í það, jafnt og úthlutun í 2. og 3. flokki. Með þessu er eftir föngum reynt að koma í veg fyrir, að gert sé upp á milli listgreina. Hingað til hefur þótt við brenna, að sumar þeirra væru settar skör lægra við úthlutun listamannalauna en gild rök lögju til, og er tími kominn til leiðréttingar í þessu efni. Loks leggur nefndin áherzlu á, að listræn sjónarmið ein ráði vali manna í listráð og úthlutunarflokka.

#### Um 2. gr.

Hugmyndin um listráð er ekki ný, og hún er um margt álitleg. Nefndin taldi ekki rétt að setja inn í frumvarpið ákvæði um hlutverk ráðsins, enda var hún sammála um, að ekki bæri að ætla því mörg störf eða tímafrek. Hún gerir þó ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið feli því verkefni með reglugerð, sem samkomulag náist um með ráðuneytinu og listráði. Auk þess ætlar nefndin listráði að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd (sbr. 4. gr.).

Ákvæðin um kjör listráðs eru svo ýtarleg, að naumast mun þörf á skýringum. Fyrirkomulagið kann að virðast flókið fljótt á litið, en þess ber að gæta, að hér þarf að vanda vel til, þar eð um verður að ræða framtíðarskipan, sem tryggir hlutaðeigendum föst ævilaun án þeirra skilyrða löggjafar og samfélags, sem venjulega eru sett í því sambandi. Hér eiga listræn sjónarmið ein að ráða úrslitum. Reynt er að finna dómbæra og óhlutdræga aðila til að velja innan og utan stofnana sinna menn, sem kjósa til listráðs, og þannig um búið, að þessir menn komi ekki saman á fund, þegar þeir kjósa, og þurfi ekki að verjast neinum áróðri. Þar með er leitast við að tryggja, eins og unnt er, að annarleg sjónarmið komi hér ekki við sögu. Enn mun þess lítill kostur að fela hér þennan vanda mönnum, sem talist geta sérfróðir um listir vegna náms eða prófa. Nefndin gerði sér hins vegar far um að taka til hins sérfræðilega viðhorfs það tillit, sem hún taldi fært.

#### Um 3. gr.

Kjörgengi í listráð, eftir að það hefur verið kosið í fyrsta sinn, er því bundið, að listamenn hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun í 2. flokki. Með þessu ætti að vera tryggt, að til setu í listráði komi til greina þeir einir, sem þegar hafi notið viðurkenningar fyrir list sína. — Væntir nefndin þess, að þetta fyrirkomulag reynist sanngjarnt og nægilegar skorður við annarlegum sjónarmiðum.

#### Um 4. gr.

Um ákvæði varðandi val nefndar, er úthluti listamannalaunum 2. og 3. flokks, skal skirskota til þess, sem þegar hefur verið sagt um kjörráð listráðsins. Hæfilegt virðist, að nefndin sé skipuð 5 mönnum. Þriggja manna nefnd sýnist helst til fámenn, og heppilegt mun, að nefndarmenn séu fleiri en 4 af þeirri ástæðu, að tveir á móti mega sín þá meira en tveir með við afgreiðslu mála. Enn fremur mun henta, að nefndin sé skipuð hverju sinni til þriggja ára. Undanfarið hefur Alþingi kosið úthlutunarnefnd til eins árs í senn. Það fyrirkomulag hefur augljósa ókosti. Úthlutunarnefnd er þá ekki unnt að gera ráð fyrir nema eins árs starfi, svo að hún getur ekki skipulagt úthlutun um eitthvert ákveðið árabíl. Sá háttur mundi þó harla æskilegur, og slíkum vinnubrögðum verður komið við, ef úthlutunarnefnd fær þriggja ára starfstíma hverju sinni, eins og hér er gert ráð fyrir.

#### Um 5. gr.

Til skýringar þessari grein skal látið nægja að visa til þess, sem fram kemur í 4. kafla greinargerðarinnar.

**Fylgiskjal II.**

**Bandalag ísl. listamanna.**

Reykjavík, 22. okt. 1958.

Herra menntamálaráðherra  
Gylfi Þ. Gíslason,  
Reykjavík.

Á fundi sínum, hinn 15. þ. m. tók stjórn B. Í. L. til meðferðar frumvarp það um úthlutun listamannalauna, er þér höfðuð sent henni til umsagnar, og var gerð um það eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn B. Í. L. er í öllum höfuð atriðum samþykk frumvarpinu og mælir með því, en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

a) Stjórnin telur áriðandi að ekki sé veitt til úthlutunar árlega lægri upphæð, en gert er ráð fyrir í tillögu nefndar þeirrar, er Menntamálaráðuneytið skipaði 2. okt. 1956, eða kr. 1 512 000.00.

b) Stjórnin telur að listamannalaun ættu að vera skattfrjáls, en þar sem ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að svo verði, telur hún rétt að athugaður verði sá möguleiki, að þeir listamenn, sem ekki fá föst laun geti, þá er þeir hljóta þau, dreift þeim á fleiri en eitt ár við framtal til skatts.

Virðingarfyllt,

Snorri Hjartarson (sign.)  
form.

Þorst. Hannesson (sign.)  
ritari.